

# Vinnuvélaréttindi



 **VINNUEFTIRLITIÐ**

FRÆDSL- OG LEIÐBEININGARIT NR. 37

# Vinnuvélaréttindi

Enginn má stjórna vinnuvél nema hafa til þess gild réttindi. Vinnueftirlitið hefur umsjón með verklegum vinnuvélaprófum og útgáfu vinnuvélaskeiða, samanber *Reglur um réttindi til að stjórna vinnuvélum nr. 198 /1983*. Til að öðlast vinnuvélaréttindi verður að uppfylla ákveðin skilyrði.

## Aldur og bílpróf

Til að geta fengið vinnuvélaréttindi verður viðkomandi að vera orðinn **17 ára og hafa bílpróf**. Þeir sem eru orðnir 16 ára mega sitja bóklegt vinnuvélanámskeið. Premur mánuðum fyrir 17 ára afmælisdag getur viðkomandi farið að æfa sig á vinnuvél undir leiðsögn leiðbeinanda sem hefur kennsluréttindi á vinnuvélina.

## Bóklegt námskeið

Nemandi byrjar á að taka bóklegt vinnuvélanámskeið og verður að standast skriflegt próf að því loknu. Vinnueftirlitið og ákveðnir ökuskólar halda bókleg vinnuvélanámskeið. Vinnueftirlitið heldur **Frumnámskeið** (29 kennslustundir) og **Byggingakrananámskeið** (26 kennslustundir).

Ökuskólar halda **Grunnnámskeið** (80 kennslustundir). Hægt er að taka Grunnnámskeið í fjarnámi að stærstum hluta.

**Frumnámskeið** veitir bókleg réttindi í eftirfarandi skráningarflokkum:

- D** Körfukranar og steypudælukranar, **I** Dráttarvélar og minni gerðir jarðvinnuvéla  $\leq 4T$ , **J** Lyftarar með  $\leq 10$  tonna lyftigetu, **L** Valtarar, **M** Útlagningarvélar og fræsarar, **P** Minni gerðir hleðslukrana ( $> 8$  og  $< 18$ tm).

**Byggingakrananámskeið** veitir bókleg réttindi á byggingakrana og hafnar-krana  $> 18$  tm í skráningarflokki **A**.

**Grunnnámskeið** veitir bókleg réttindi á alla skráningarflokka vinnuvéla. Frekari upplýsingar um Grunnnámskeið má fá hjá ökuskólunum.

## Verkleg þjálfun

Pegar nemandi hefur staðist bóklegt próf má hann hefja verklega þjálfun.

**Öll verkleg þjálfun á vinnuvélar fer fram á vinnustöðum og er á ábyrgð vinnuveitanda.**

Verkleg þjálfun skal fara fram undir leiðsögn leiðbeinanda sem hefur kennsluréttindi á viðkomandi vinnuvél. Verkleg þjálfun á að fara fram þar sem ekki er margt fólk eða slyshætta. Vinnueftirlitið mælir með að nemendur æfi sig a.m.k. 16 stundir á hvern flokk vinnuvéla sem þeir ætla að fá réttindi á.

## Kennsluréttindi

Til að fá kennsluréttindi á vinnuvél þarf að hafa gild réttindi á hana og hafa unnið a.m.k. 1000 stundir með vélinni. Atvinnurekandi staðfestir að viðkomandi hafi unnið a.m.k. 1000 stundir á vinnuvél. Sækja ber um kennsluréttindin hjá Vinnueftirlitinu.

## Verklegt próf og vinnuvélaskírteini

Þegar nemandi fær staðfestingu frá leiðbeinanda á að hafa lokið verklegri þjálfun (viðmið 16 klst.) óskar hann eftir prófdómara frá Vinnueftirlitinu og fer í verklegt próf. Þegar nemandi stenst verklegt próf fær hann staðfestingu á því hjá prófdómara og sækir um vinnuvélaskírteini hjá Vinnueftirlitinu fyrir viðkomandi vinnuvél eða vinnuvélar.

## Læknisvottorð


Til að fá réttindi til að stjórna krönum í réttindaflokkum A, B, D, og P þarf að framvísa læknisvottorði sem samsvarar vottorði til að fá ökuréttindi.

## Gildistími vinnuvélaréttinda

Öll vinnuvélaréttindi gilda til sjötugs nema kranaréttindi í réttindaflokkum A, B, D, og P. Kranaréttindi gilda til 10 ára í senn. Til að fram­lengja kranaréttindi þarf að framvísa læknisvottorði. Eftir sjötugt er hægt að endurnýja vinnuvélaréttindi til þriggja ára í senn með því að framvísa læknisvottorði.

## Skráningarflokkar réttindaskyldra vinnuvéla

- A** Byggingakranar og hafnarkranar > 18 tm
- B** Hleðslukranar, lyftigeta > 18 tm
- D** Körfukranar og farandkranar, lyftigeta ≤ 18 tm
- E** Gröfur > 4 t
- F** Ámokstursskóflur
- G** Jarðýtur, borvagnar og bortæki
- I** Dráttarvélar og minni gerðir jarðvinnuvéla ≤ 4 t
- J** Lyftarar, lyftigeta ≤ 10 t
- K** Lyftarar, lyftigeta > 10 t
- L** Valtarar
- M** Útlagningarvélar og fræsarar
- P** Hleðslukranar, lyftigeta > 8 tm til ≤ 18 tm



A - Byggingakrani



E - Grafa



G - Jarðýta



J - Lyftari



L - Valtari

Brúkranar í skráningarflokki C, lyftitæki í skráningarflokki S og lyftiverkþallar (Skæralyftur) í skráningarflokki V og eru ekki réttindaskyldar vinnuvélar.

# Vinnuvélaréttindi

- Enginn má stjórna vinnuvél nema hafa til þess gild réttindi
- Til að fá vinnuvélaréttindi verður viðkomandi að vera orðinn 17 ára og hafa bílpróf
- Nemandi byrjar á að taka bóklegt vinnuvélanámskeið og skriflegt próf
- Öll verkleg þjálfun á vinnuvélar fer fram á vinnustöðum, á ábyrgð vinnuveitenda
- Verkleg þjálfun fer fram undir leiðsögn leiðbeinanda sem hefur kennsluréttindi
- Öll vinnuvélaréttindi gilda til sjötugs nema krantaréttindi
- Krantaréttindi gilda til 10 ára í senn. Til að framlengja krantaréttindi þarf að framvísa læknisvottorði
- Eftir sjötugt er hægt að endurnýja vinnuvélaréttindi til þriggja ára í senn með því að framvísa læknisvottorði

## Vinnuvélaskrirteini

Framhlið

VINNUELASKIRTEINI NR: 090827	
1. Fullt nafn <b>Magnús Jónsson</b>	
2. Kennitala <b>010165-0009</b>	
3. Útgáfustaður <b>Reykjavík – 6.6.2015</b>	
4. Fyrsti útgáfudagur <b>6.6.1995</b>	5. Gildir til <b>Sjá bakhlið</b>
6. Ökuskrirteini nr. <b>99000123</b>	7. Útgáfustaður <b>ÍSLAND</b>
Athugasemdir Dagsetningar á bakhlið tákna gildistíma, ★ stendur fyrir bókleg réttindi.  Bókstafur réttinda samsvarar fyrsta staf í vinnuvéla- númeri. A réttindi veita þannig réttindi á vinnuvél með númerið AB-XXXX, J réttindi á JL-XXXX o.s.frv.	
Handhafi vinnuvélaskrirteinis skal hafa skirteinið tiltækt þegar hann er við stjórnun vinnuvélar. Hann skal framvísa því ásamt persónuskilríkjum sé þess óskað.	

Bakhlið

VINNUEFTIRLIT RÍKISINS		
Skirteini þetta veitir rétt til að stjórna þeim gerðum vinnuvéla sem merkt er við.	Kennslu réttindi	
A Staðb. krantar. byggingakr.		
B Farandkrantar > 18 tm		
C Brúkrantar		
D Krantar ≤ 18 tm	6.6.2025	6.6.2025
E Gröfur > 4000 kg		
F Hjólaskóflur		
G Jarðýtur		
H Vegheflar		
I Dráttarv. og minni jarðvinnuv.	6.6.2035	
J Lyftarar ≤ 10 t lyftigetna	6.6.2035	6.6.2035
K Lyftarar > 10 t lyftigetna		
L Valtarar	*	
M Malbikunarvélur	*	
P Hleðslukrantar ≤ 18 tm	6.6.2025	



VINNUEFTIRLITIÐ